

Alþingi
Þingmenn Suðvesturkjördæmis
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 20. desember 2017
1709105 AUT

Varðar: Tvöföldun Reykjanessbrautar frá Kaldárselsvegi að mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg

Á fjölmennum íbúafundi sem haldinn var í Bæjarbíó, Hafnarfirði, 17. október sl. var eftirfarandi ályktun samþykkt:


”Íbúafundur um samgöngumál í Hafnarfirði skorar á stjórnvöld að tryggja áframhaldandi úrbætur á Reykjanessbraut í Hafnarfirði. Tryggt verði að framkvæmdir við gatnamótin og hringtorgin á kafla frá Kaplakrika að Lækjargötu hefjist á næsta ári og að jafnframt verði lokið við tvöföldun Reykjanessbrautar frá Kaldársselsvegi að mislægum gatnamótum á Krýsuvíkurvegi.”

Í framhaldi af samþykktinni var hún send öllum þingmönnum. Síðan þá hafa farið fram alþingiskosningar og ný ríkistjórn tekið við og að hluta til nýir þingmenn tekið sæti á Alþingi.

Í frumvarpi að fjárlögum vegna ársins 2018, sem ný ríkistjórn hefur lagt fyrir Alþingi, er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir fjármagni til framkvæmda við tvöföldun Reykjanessbrautar frá Kaldárselsvegi að mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg. Áætlaður kostnaður við þessa framkvæmd er um 2 milljarðar króna. Hins vegar er að sjá að gert er ráð fyrir að fara í framkvæmdir vegna hringtorgs við Setberg, Hlíðartorg, og gatnamót við Kaplakrika, því ber að fagna, en um er að ræða gatnamót með flest slys á höfuborgarsvæðinu.

Samgöngustofa hefur tekið saman í árskýrslu slysaskráningar fyrir árið 2015 og samkvæmt henni voru slys á vegkaflanum frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi (með gatnamótum) rúmlega 100 á því ári. Þessi vegkafla er 3,5 km sem gefur gildið 28 slys á km.

Mikilvægt er að ljúka við tvöföldun á Reykjanessbraut í gegnum bæinn, það er frá Kaldárselsvegi og útfyrir Krýsuvíkurveg. En nokkur alvarleg slys hafa orðið þar síðustu misseri sem þarf að bregðast við samanber hér að framan. Einnig er umferðarálag þar að aukast til muna og eru raðir á álagstínum komnar vestur fyrir



Krýsuvíkurveg, þegar mest er. Umferðarþungi á Reykjanesbraut hefur vaxið hratt eins og eftirfarandi tölur bera með sér:

Reykjanesbraut - Hafnarfjarðarvegur (Kaplakriki)
að brú yfir Fjarðarbraut (Strandgötu) (ÁDU)

Ár	Umferð
2016	32.492
2015	28.851
2014	22.276
2010	20.745
2005	18.658
2000	15.373


Umferðarmælir sem er í Reykdalsbrekkunni sem settur var niður 2014 sýnir einnig mikla aukningu á umferð síðustu ár:

Desember umferð	Meðal umferð
2016	31.254
2015	27.374
2014	25.348

Gera má ráð fyrir að umferð á þessum kafla Reykjanesbrautar muni aukast umtalsvert á næstu misserum. Á Völlunum er nánast eina skipulagða iðnaðarsvæðið á höfuðborgarsvæðinu þar sem er verið að úthluta lausum lóðum. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þessum lóðum og er nú verið að auka við framboð þessara lóða. Ljóst er að mikil uppbygging iðnaðar- og þjónustuhúsnaðis mun eiga sér stað á þessu svæði. Stór fyrirtæki eins og t.d. Icelandair hafa verið að staðsetja sig á svæðinu og auka við umsvif sín. Gera má ráð fyrir aukinni umferð bæði vegna þeirra sem sækja þjónustu inn á svæðið og einnig vegna þess að þeir sem starfa þarna munu koma frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að hluta.

Þá á sér stað mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis á Völlunum og nú er þegar búið að úthluta lóðum í Skarðshlíð, nýju íbúðarhverfi. Þau hverfi sem voru fyrir eru að verða fullbyggð. Frekari úthlutun á lóðum mun fara fram í byrjun næsta árs í Skarðshlíð.

Á Völlunum er rekinn einn fjölmennasti grunnskóli landsins ásamt þremur leikskólam. Hafnar cru framkvæmdir við byggingu nýs grunn-, leik- og tónlistarskóla í Skarðshlíð. Gera má ráð fyrir að allt þetta muni auka enn frekar við þá umferð sem fer um Reykjanesbrautina á vegkallanum frá mislægu gatnamótunum við Krýsuvíkurveg að Kaldárselsvegi þar sem vegurinn er ein akrein í hvora átt. Auk þessa er öll umferðin frá Suðurnesjum og þar með talin umferðin frá Keflavíkurflugvelli. Þessi umferð hefur aukist til muna síðustu misseri.




Ekkert annað sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu en Hafnarfjarðarkaupstaður býr við að þjóðvegur í þéttbýli, sem liggur í gegnum sveitarfélagið, er að hluta með einni akrein í hvora átt.

Hönnun á Reykjanesbrautinni frá Kaldárselsvegi að mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg liggur fyrir því er hægt að hefja framkvæmdir með stuttum fyrirvara.

Með vísan til framanritaðs er hér með óskað eftir að tryggt verði að fjármagn verði á fjárlögum ársins 2018 þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg. Til greina kæmi að skipta fjárveitingunni á tvö ár þannig að á árinu 2018 kæmi t.d. 700 milljónir króna og lok framkvæmda færi fram á árinu 2019 með framlagi upp á um 1,3 milljarða króna miðað við að framkvæmdakostnaður er um 2 milljarðar króna.

Virðingarfallst,


Haraldur L. Haraldsson,
bæjarstjóri.

Samskonar erindi sent: Fjárlaganefnd og samgönguráðherra

Afrit sent vegamálastjóra.

